

Judofelag Suðurlands

AFMÆLISMÓT JSÍ 2024



Frá vinstri Daron Hancock JR, Böðvar Arnarsson JS og Mikael Ólafsson UMFS

Afmælimót 2024 – Böðvar Judofélagi Suðurlands 1. sæti

Afmælimót Judosambands Íslands fór fram 3. febrúar í sal Judofélags Reykjavíkur í Ármúla 17, Reykjavík. Böðvar Arnarsson Judofélagi Suðurlands keppti í flokki U21 -81kg.

Eftir snarpa viðureign við Daron Hancock þar sem Böðvar hafði frumkvæði í glímunni sigraði Böðvar nokkuð örugglega með 7 stigum af 10 mögulegum. Í glímunni við Mikael Ólafsson voru yfirburðir Böðvars miklir og fullnaðarsigur auðveldur. Mikael gerði þó sitt besta en hann er kominn mun skemur á judobrautinni en þeir Daron og Böðvar og auk þess yngri. Mikael á þó framtíðina fyrir sér en hann verður duglegur að æfa.